



Hreppsnefnd 18.01.07

Dagskrá

Hreppsnefndarfundur verður haldinn fimmtudaginn 18. janúar 2007 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt á fundinn voru Aðalbjörn Björnsson, Björn Halldórsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir, Borghildur Sverrisdóttir Þórdís Þorbergsdóttir og Ólafur Ármannsson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, sem ritaðai fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 28. des. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 28. des. sl.

Gerðar smávægilegar orðalagsbreytingar.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerð fræðslunefndar frá 9. janúar sl.

Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 9. janúar sl.

Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina fyrir sitt leyti og þar með tillögu fræðslunefndar í 3. tl. fundargerðarinnar um ráðningu aðstoðarleikskólalastjóra.

3. mál Fundargerð hafnarnefndar frá 12. janúar sl.

Lögð fram fundargerð hafnarnefndar frá 12. janúar sl.

Sveitarstjóri tók til máls og gerði grein fyrir 5. tl. fundargerðarinnar og sérstaklega hugmyndum um auknar landfyllingar.

Hreppsnefnd tekur undir undir tillögu hafnarnefndar um að láta kostaðarmeta þær hugmyndir um viðbótarfyllingu sem til skoðunar eru.

4. mál. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B- hluta stofnana- Síðari umræða-

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps og stofnana fyrir árið 2007, ásamt gögnum sem dreift var á fundi hreppsnefndar 28. des. sl.

Oddviti tók til máls og gerði grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefði farið milli umræðana. Jafnframt kynnti hann svofellda tillögu um frekari hagræðingu á launalið áætlunarinnar: " Hreppsnefnd samþykkir að til viðbótar þeirri hagræðingu, sem fram kemur á launaliðum fyrirbyggjandi fjárhagsáætlunar verði forstöðumönnum deilda og stofnana falið að gera tillögu um 3 % hagræðingu á launalið stofnana sinna eins og hann liggur fyrir hér í dag. Þetta er til samræmis við þá stefnu sem boðuð er í greinargerð sveitarstjóra."

Hann gaf síðan sveitarstjóra orðið.

Lagði hann fram breytingartillögur við fyrirbyggjandi frumvarp að fjárhagsáætlun og gerði grein fyrir þeim og hvaða áhrif þær hefðu á heildarniðurstöðu áætlunarinnar. Í því sambandi var lagt fram nýtt rekstraryfirlit að teknu tilliti til fyrirbyggjandi breytingartillagna, nýtt sjóðstreymisyfirlit A- og B-hluta, sem jafnframt var sundurliðað niður á alla 12 stóði sveitarfélagsins. Þá var og lagt fram sérstakt yfirlit er sundurliðaði þá fjármuni sem áætlaðir eru til gjaldfærðrar og eignfærðrar fjárfestingar.

Ennfremur lagði sveitarstjóri fram greinargerð sína með fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun ársins 2007 dags. í dag 18. janúar.

Sveitarstjóri skýrði síðan öll fyrirbyggjandi gögn og hvernig unnið hefði verði að málum milli umræðna. Ennfremur las hann greinargerð sína yfir sem skýrir vel allar helstu stærðir í fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps og stofnana fyrir árið 2007.

Við síðari umræðu fjárhagsáætlunar hér í dag kemur fram í rekstraryfirliti sveitarsjóðs, að heildartekjur aðalsjóðs eru 373,2 m.kr. og heildargjöld 321,9 m.kr. Laun eru alls áætluð 171,1 m.kr., Almenn rekstrargjöld og fjármagnsgjöld nettó 154,8 m.kr. Inni í þessum tölum eru svokölluð innri viðskipti meðtalin. Rekstrarafgangur aðalsjóðs miðað við þetta er því 47,3 m.kr.

Í Eignasjóði er reiknað með húsaleigutekjum fyrir útleigu á húsnæði, eins og skóla leikskóla, íþróttahúss, ráðhús og annarra eigna sem síðan eru leigðar undir hinar mismunandi þjónustueiningar sveitarfélagsins. Þessi sjóður er rekin með 3,8 m.kr. hagnaði þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta upp á 12,6 m.kr. og 8,4 m.kr. fjármagnskostnaðar. Hér er einnig áætlað fyrir öllum föstum kostnaði við húseignirnar og því viðhaldi sem ráðast á í árinu.

Í Þjónustumiðstöð er reiknað með útgjöldum til reksturs hennar þ.e. launum, almennum rekstrargjöldum, ásamt afskriftum. Hér er jafnframt áætlað fyrir tekjum þjónustumiðstöðvar en leitast er við að selja vinnu hennar að mestu. Ráðgert er að endurskoða taxta á útseldri vinnu og færa upp í samræmi við verðlagsþróun á sambærilegum töxtum. Í áætluninni er 8,2 m.kr. halli á miðstöðinni þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta.

Samkvæmt þessu er hagnaður A-hluta sjóða í heild eftir afskriftir og að teknu tilliti til innri viðskipta 42,8 m. kr.

Í B-hluta sjóðunum kennir ýmisra grasa, en þeir eru Hafnarsjóður, Vatnsveita Leiguíbúðir almennar og félagslegar, Fráveita, Félagsheimili, Apótek, Arnarvatn og Skiphólmi.

Lang stærstur þessara sjóða er Hafnarsjóður og er hann áætlaður með 4,1 m.kr. hagnaði, þegar tekið hefur verið tillit til 18 m.kr. fjármagnskostnaðar og 4,9 m.kr. afskrifta. Fjármagnsgjöld þessa sjóðs eru þetta há vegna miklla framkvæmda sem sjóðurinn hefur staðið í á liðnum árum. Gert er ráð fyrir miklum umsvifum í höfninni til samræmis við áætlanir HB Granda um landaðan afla á árinu 2007. Þess má geta að tekjur hafnarinnar hafa nær tvöfaldast á síðustu árum. Áfram er haldið í framkvæmdum við höfnina og er ráðgert að á árinu 2007 verði lokið við niðurrekstur á stálpilinu og jafnframt lögnum og þekju á hinni nýju viðlegu, en fengist hefur staðfest að fjárveitingar fáist á árinu 2007 til þessara verka frá ríkinu til samræmis við styrkhæfni framkvæmdanna.

Unnið verður að styrkingu Vatnsveitu en á mörkunum er að hún geti sinnt skyldum sínum þegar illa árar hvað vatnsbúskap snertir. Áfram skal haldið í viðhaldi leiguíbúða og fleiri mannvirkja svo sem félagsheimilis, íþróttahúss og Sundabúðar. Ráðgert er einnig að halda áfram í fráveituframkvæmdum í samræmi við heildaráætlun þeirra mála. Af Skiphólma hlýst töluverður fjármagnskostnaður enda er í raun eina verkefni hans í dag að halda utan um lántökur vegna hlutafjárkaupa og hefur sterklega komið til greina að selja hlutabréf til þess m. a. að greiða upp skuldir Skiphólma. Í heild er áætlað að allir sjóðir í A- og B hluta verði samtals með 30,7 m. kr. hagnaði á árinu 2007. Í sjóðstreymi kemur í ljós að þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta, verðbóta og annarra reiknaðra stærða er ráðgert að handbært fé frá rekstri verði samtals í A- og B hluta 37,8 m.kr.

Þetta fé rennur til fjárfestinga sem alls eru áætlaðar 134,5 m.kr. nettó. Brúttó gerir áætlunin ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 203,8 m.kr. Sérstakt yfirlit fylgir í framlögðum gögnum hér í dag þar sem fjárhæð þessi er sundurliðuð. Á móti er ráðgert að að framkvæmdir þessar séu fjármagnaðar með framlögum, veltufé frá rekstri og sölu eigna. Alls er ráðgert að selja eignarhluti í fyrirtækjum að markaðsvirði 94 m.kr., beinir styrkir og framlög eru áætlaðir 69,3 m.kr. og hreint veltufé frá rekstri áætlast 37,8 m.kr. Í fjármögnunarhreyfingum er ráðgert að greiða niður lán um 57,2 m.kr., en á móti eru tekin ný lán að fjárhæð 60 m.kr. Áætlunin gerir því ráð fyrir því að nánast engin lán séu tekin til þess að standa undir rekstri og öllum hinum viðamiklu framkvæmdum sem ráðast á í þar sem nánast sama fjárhæð er tekin að láni og greidd er niður. Veltufé frá rekstri, seldar eignir og framlög brúa þann kostnað fyllilega eins og tíundað var hér að ofan.

Að teknu tilliti til alls þessa er ráðgert að handbært fé í árslok verði 7,6 m. kr., náist að gera allt það sem áætlað er að gera samkvæmt fyrirliggjandi fjárhagsáætlun A- og B- hluta sjóða fyrir árið 2007.

Að yfirferð sinni lokinni lagði sveitarstjóri til að fyrirliggjandi fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2007, ásamt breytingartillögum yrði samþykkt við síðari umræðu hér í dag.

Í framhaldi lýstu fundarmenn sjónarmiðum sínum og spurðu spurninga sem sveitarstjóri svaraði.

Oddviti bar síðan fyrirliggjandi tillögu um frekari hagræðingu á launalið undir atkvæði. Tillagan var

samþykkt samhljóða

Að því búnu var fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun ásamt breytingartillögum borin undir atkvæði Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta sjóða samþykkt með 4 atkv. 3 sátu hjá. Björn Halldórsson oddviti minnihlutans kynnti síðan með svofelldri bókun hjásetu minnihlutans: “Við undirrituð greiðum ekki atkvæði um fjárhagsáætlun fyrir árið 2007. Með því vísum við allri ábyrgð á áætluninni á hendur meirihlutanum. Þetta teljum við eðlilega afstöðu af okkar hálfu þar sem í engu hefur verið haft samráð við okkur um málið.”

Björn Halldórsson
Þórdís Marín Þorbergsdóttir
Guðrún Anna Guðnadóttir

5. mál Ýmis bréf og fundargerðir :

a) Fundargerð 9. ársfundar samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.

Lagt fram til kynningar.

b) Bréf Siglingastofnunar dags. 20. des. sl., varðandi samgönguáætlun 2007-2010

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.